



Reykjavík, 20. nóvember 2018.

Hr. Ásmundur Friðriksson,  
alþingismaður,

Forsætisnefnd Alþingis hefur haft til meðferðar hjálagt erindi Björns Leví Gunnarssonar, alþingismanns, dags. 29. október sl., þar sem farið er fram á rannsókn á endurgreiddum aksturskostnaði til þingmanna með vísan til 15. gr. siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. 17. og 18. gr. reglnanna. Af því tilefni fór forsætisnefnd þess á leit við þingmanninn 14. nóvember sl. að hann skýrði nánar grundvöll erindis síns og upplýsti eftir atvikum um þau atvik sem hann teldi að gætu varðað brot á 15. gr. siðareglna fyrir alþingismenn eða almennum hegningarlögum. Meðfylgjandi er svarbréf þingmannsins, dags. 16. nóvember sl., þar sem m.a. er vísað til ummæla sem höfð hafa verið eftir þér í fjölmiðlum.

Af ofangreindu tilefni og með tilvísun til 3. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn er þér gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum þínum og upplýsingum. Er þess óskað að svör þín berist forsætisnefnd fyrir fund hennar mánudaginn 26. nóvember nk.

Virðingarfyllst,

Þórhallur Vilhjálmsson,  
forstöðum. lagaskrifstofu.

Fylgiskjöl:

Bréf Björns Leví Gunnarssonar, dags. 29. október 2018.

Bréf forseta Alþingis, dags. 14. nóvember 2018.

Bréf Björns Leví Gunnarssonar, dags. 16. nóvember 2018.